



Fundargerð 96. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Dagsetning: Þriðjudagurinn 19. mars 2024 klukkan 16:15 á Teams.

Björg Ágústsdóttir (formaður), Kristinn Jónasson, Helga Guðmundsdóttir, Gerður Björk Sveinsdóttir, Ragnar Ingi Sigurðsson (í stað Thelmu Daggar Harðardóttur), Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Hermann Hermannson mannauðsstjóri, Birta Antonsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Berglind Hólm Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi nemenda og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.

Björg Ágústsdóttir formaður setti fund og bauð alla velkomna á fund.

Dagskrá:

1. Ársskýrsla

Ársskýrsla fyrir árið 2023 er í vinnslu en skil eru í apríl. Skólameistari mun senda ársskýrslu fyrir árið 2023 á fundarmenn þegar hún er tilbúin.

2. Rekstrarniðurstaða fyrra árs

Fjármálastjóri kynnti rekstrarniðurstöðu ársins 2023 en tók þó fram að ekki er um staðfestar tölur að ræða. Drög að niðurstöðu ársins 2023 gera ráð fyrir 1,274.360,- kr. í rekstrarafgang. Árið 2022 var rekið með 17 m.kr. tapi og er því mikil ánægja með þessa niðurstöðu.

Ársreikningur verður kynntur fyrir skólanefndarfólki þegar hann er staðfestur.



Fjölbrautaskóli Snæfellinga



Rekstrarniðurstaða 2023 DRÖG

	Raun	Rek.áætlun	Fjárheimild
Tekjur	-370.183.869	-369.974.616	-14.690.977
Gjöld	368.909.509	367.270.714	366.704.086
Mism.	-1.274.360	-2.703.902	352.013.109
Mismunur við rauntölur		1.429.542	-353.287.469



Hér má skjá skiptingu rekstrargjalda hjá FSN, en 77% er launakostnaður, 18% er húsnæðiskostnaður eða samtals 95% rekstrargjalda við skólann. Þá eru eftir 5% rekstrargjalda en við reynum alltaf að finna hagkvæmstu leiðirnar í rekstri.




Fjölbrautaskóli Snæfellinga




FSN 2023 (drög)

Ár
2023



3. Önnur mál

- Gerður óskaði eftir því að fundargerðir yrði sendar fyrr til yfirlestrar á fundarmenn. Hún tók einnig fram að deildin ætti undir högg að sækja og hvort að kynningar mættu vera meiri og fyrr.
- Fjármálastjóri birti upplýsingar um heimtur nemenda af svæðinu. Skólanefnd lagði til að hafa kynningarfundir fyrir foreldra tilvonandi eða mögulegra nemenda einnig á Teams. Skólanefnd óskaði einnig eftir tölulegum upplýsingum varðandi heimtur nemenda í FSN af upptökusvæði skólans frá upphafi. Hér má sjá tölur af svæðinu en nemendum fer fjölgandi sem er ánægjuefni.



Fjölbrotaskóli Snæfellinga	02-367									
Nemendaspa	10.b	9.b.	8.b.	7.b.	6.b.	5.b.	4.b.	3.b.	2.b.	1.b.
Upptökusvæði Þýði nýnema haust	Ártal 2023	Ártal 2024	Ártal 2025	Ártal 2026	Ártal 2027	Ártal 2028	Ártal 2029	Ártal 2030	Ártal 2031	Ártal 2032
Stykkishólmur, Grundarfjörður, Snæfellsbær, Lýsuhóll, Vesturbyggð og Tálknafjörður	48	58	64	70	74	49	71	55	56	57
70%	34	41	45	49	51,8	34,3	49,7	38,5	39,2	39,9
80%	38	46	51	56	59,2	39,2	56,8	44	44,8	45,6

- Kristinn spurði hvað hefði verið gert í kynningarmálum á þessar önn. Hrafnhildur skólameistari sagði að námsráðgjafi hafi farið í alla skóla á nesinu og hitt 10. bekkina og ferð í Framhaldsdeild væri á döfinni eftir páska. Þá hefði einnig verið Framhaldsskólahermir í febrúar.
- Kristinn spurði hvað Framhaldsskólahermir væri. Birta Antonsdóttir, áheyrnarfulltrúi kennara sagði fundarmönnum frá nýafstöðnum [Framhaldsskólahermi](#) FSN en þá gefst nemendum í 10. bekk á upptökusvæði skólans tækifæri til þess að koma í FSN og upplifa það að vera nemandi í FSN í einn dag. Framhaldsskólahermirinn tókst mjög vel og fóru nemendur glaðir heim. Skólameistari tók undir orð Birtu og sagði að Framhaldsskólahermir ætti nokkurra ára sögu og það væri mikil ánægja með þennan dag.
- Afmæli og afmælisnefnd í tilefni að 20 ára afmæli FSN. Skólameistari tilkynnti að eldri, útskrifaðir nemendur væru spennir fyrir setu í afmælisnefndinni. Það vantar enn fulltrúa frá skólanefnd og munu Björg og Helga klára þá tilnefningu og senda á skólameistara.

Fundi slitið klukkan 17:15.

Næsti fundur mánudaginn 13. maí klukkan 16:15-17:15 á Teams.